

Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2008

Haldinn að Jaðri 20. Nóvember kl 20:00

Halldór Rafnsson setti fundinn og bauð félagi velkomna. Minntist hann síðan Harðar Steinbergssonar sem lést á árinu.

Dagskrá fundarins var:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns
3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál

1. Fundarstjóri var kosinn Kristinn Svanbergsson og ritari Gunnar Vigfússon.

2. Halldór Rafnson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar.

3. Arnar Árnason tók næst til máls og lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar kom fram að rekstrartekjur ársins 2008 voru 64.666.996, en rekstrargjöld 56.747.961. Hagnaður var því 7.919.035 án fjármagnsliða. Eftir að hafa tekið tillit til fjármunatekna, fjármagnsgjalda, óreglulegar tekjur og (gjöld) þá reyndist hagnaður ársins 1.853.012 kr. Eignir samtals eru metnar á 72.081.592 kr. Eigið fé er 17.594.617 kr og skuldir samtals 54.486.975. Samtals skuldir og eigið fé 72.081.592 kr. Eignfærð var vinna vallarstarfsmanna fyrir um það bil 11,5 milljónir og fjárfest fyrir 14 milljónir. Arnar sagði síðan að fjármagnspakkinn hefði hækkað of mikið. Arnar vakti síðan athygli á því að veltufé frá rekstri var u.þ.b 8,6 milljónir á síðasta rekstrarári og er það ágætis árangur. Einnig benti Arnar félagsmönnum á að gengismunur væri ekki til greiðslu á árinu. Tap var á veitingasölu 300 þúsund. Að lokum kom Arnar inn á að hlaupareikningur væri á alltof miklum yfirdrætti og ekki væri hægt að halda því áfram og að framkvæmdir á vellinum hefði verið 44 milljónir. Fundarstjóri tók til máls og sagðist hann eiga sæti í framkvæmdastjón klúbbsins, sem á að halda utan um allar nýframkvæmdir, og lýsti hann mikilli ánægju með störf nefndarinnar og einng sagði hann rekstur klúbbsins mjög góðan í alla staði.

4. Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar eða um reikninga og voru þeir síðan samþykktir einróma.

5. Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

6. Kosningar í stjórn. Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki.

Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

Aðalstjórn:	Formaður:	Halldór Rafnsson	eitt ár
	Varaformaður:	Rúnar Antonsson	fyrri ár
	Ritari:	Gunnar Vigfússon	seinna ár
	Gjaldkeri:	Arnar Árnason	fyrri ár
	Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	seinna ár

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn í stjórn. 1. Varamaður Sveindís Almarsdóttir fyrri ár
2. Varamaður Svanhvít Ragnarsdóttir seinna ár

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ekki þarf að kjósa um fleiri nefndir og var þá tekið fyrir að kynna tilnefningar í nefndir á vegum klúbbsins.

Fjáröflunarnefnd :

Formaður	Rúnar Antonsson Friðrik Sigþórsson Framkvæmdastjóri GA
----------	--

Vallarnefnd : (GSÍ)

Formaður	Örn Viðar Arnarson Eyjólfur Ívarsson Sverrir Þorvaldsson Magnús Ingólfsson Kjartan Sigurðsson Heimir Jóhannsson
----------	--

Kappleikjanefnd : (GSÍ)

Formaður	Gunnar Vigfússon Stefán Haukur Jakobsson Unnur Hallsdóttir Sigurður Jónsson
----------	--

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður	Stefán Jónsson Tryggvi Aðalsteinson Fylkir Þór Guðmundsson
----------	--

Afreksnefnd:

Formaður	Rúnar Antonsson Birgir Haraldsson Kristján Kristjánsson
----------	---

Skúli Ágústsson
Golfkennari GA

Aganefnd : (GSÍ)
Formaður

Björn Axelsson
Ólafur Búi Gunnlaugsson
Aðalheiður Alfreðsdóttir

Nýliðanefnd :
Formaður

Sveindís Almarsdóttir
Arinbjörn Kúld
Anna Einarsdóttir
Svandís Gunnarsdóttir
Ósk Jórunn Árnadóttir

Unglinganefnd :
Formaður

Alda Stefánsdóttir
Anton Ingi Þorsteinsson
Halla Berglind Arnardóttir
Snorri Bergþórsson
Harpa Ævarsdóttir
Elín Björnsdóttir
Golfkennari GA

Húsnefnd :
Formaður

Kári Guðmundsson
Ingólfur Bragason
Kári Már Jósavinsson

Artic Open :
Formaður

Jón Birgir Guðmundsson
Guðmundur Ó. Pétursson
Hanna Dögg Maronsdóttir
Kristinn H Svanbergsson
Björn Gíslason
Framkvæmdastjóri GA

Orðunefnd:
Formaður

Rúnar Antonsson
Svanhvít Ragnarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

7. Arnar Árnason tók til máls og lagði hann fram tillögur stjórnar um árgjöld fyrir árið 2009 :

Karlar	kr 51.000.-
Konur	kr 51.000.-
Nýliðar	kr 35.000.-
Unglingar. 17-20 ára	kr 26.000.-
Unglingar. 15-16 ára	kr 21.000.-
Unglingar. 14 og yngri	kr 15.000.-
67. ára og eldri	kr 29.000.-

Hjónaafsláttur er 10%

Eindagi árgjalda er 1 maí 2009.

Eftir 1. maí reiknast dráttarvextir á útsenda seðla ásamt 2000.- vanskilagjaldi.

Arnar sagði að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu hefði verið ákveðið að hafa óbreytt árgjöld. Halldór Rafnsson kom í pontu og sagði að hann hefði verið á formannafundi GSÍ á dögunum og þar hefði komið fram að flestir stóru klúbbanna á Reykjavíkursvæðinu ætluðu ekki að hækka árgjöldin hjá sér.

Tillagan um óbreytt árgjöld var samþykkt einróma.

8. Skoðunarmenn ársreikninga voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia.

Kaffihlé.

9. Eftir kaffihléið kom Rúnar Antonsson frá orðunefnd og veitti viðurkenningar og verðlaun fyrir sumarið 2008. Fyrirmyndarkylfingur GA var Björn Auðunn Ólafsson. Holumeistari var Hafþór Ingi Valgeirsson, öðru sæti Helgi Bragason og Petrea Jónasdóttir í því þriðja.

Kylfingur ársins var sveit eldri kylfinga enda urðu þeir Íslandsmeistara í sveitakeppni. Afreksmerki GA í ár hlutu Guðmundur Lárusson, Skúli Ágústson og Haraldur Júlíusson. Klúbbmeistari GA, Ingvar Karl Hermannsson fékk einnig afreksmerki GA. Að lokum óskaði Rúnar öllum þeim sem fengu viðurkenningar til hamingju.

Næst tók til máls Arnar Árnason og kynnti rekstraráætlun næsta árs. Hann sagði að erfitt sé að gera sér í hugarlund hvernig næsta ár verði rekstrarlega. Gert er ráð fyrir samdrætti bæði í tekjum og gjöldum. Reikna má með því að framlög frá fyrirtækjum lækki verulega. Ekki er gert ráð fyrir golfverslun eins og hefur verið undanfarin ár. Aðrar tekjur lækka einnig og óvissan er mikil. Arnar fór líka yfir gjaldahliðina og þar kom fram að reynt verður að skera niður á vellinum um 2 starfsmenn. Afskriftir, verðbætur og gengismunur verður u.þ.b. 4 milljónir og veltufé frá rekstri 4 – 6 milljónir. Arnar taldi þessa rekstraráætlun byggða á nokkurri bjartsýni. Gæti þetta orðið mun verra og áskilur stjórnin sér þann rétt að grípa til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru ef áætlunin virðist ekki ætla að ganga eftir.

Kristinn Svanbergs kom upp og sagði það ekki gott að skila rekstraráætlun með tapi. Kristinn óskaði síðan formanni og stjórn til hamingju með kjörið og gaf síðan orðið laust, en engar umræður urðu.

Halldór Rafnsson kom að endingu upp og sagði hann að hann hefði verið ákveðinn í að hætta, en honum hefði snúist hugur eftir fjölmargar áskoranir. Halldór sagði frá því að nokkur stórmót yrðu á næsta ári, 35 + og 1-2 deild kvenna. Ennig verður landsmót UMFÍ á næsta ári. Halldór var óhress með að

þurfa að skila rekstraráætlun í tapi, en styrkir Akureyrarbæjar verða ekki skertir. Efla þyrfti klúbbstarfið og við þurfum að vera jákvæð um að aðstoða ef vallarnefnd kallar eftir aðstoð. Að lokum þakkaði Halldór fyrir sig og fundargestum komuna.

Fundargestir voru um 60 manns.

Fundi slitið kl 21:30

Gunnar Vigfússon